

**Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) haldinn þann 27. febrúar 2025 kl. 14:00 í Ásgarði, sal FEB í Stangarhyl 4, Reykjavík.**

**Dagskrá aðalfundar samkvæmt lögum félagsins**

**A) Kosning fundarstjóra og fundarritara**

Formaður stjórnar FEB, Sigurður Ágúst Sigurðsson, setti fundinn og gerði tillögu um Svein Guðmundsson sem fundarstjóra og Vilhjálm Halldórsson sem fundarritara. Það var samþykkt og tók fundarstjóri við stjórn fundarins. Fundarstjóri lýsti því yfir að fundurinn hafi verið rétt boðaður skv. lögum félagsins og sé þar með löglegur.

**B) Lögð fram skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári**

Stjórnarformaður FEB flutti skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.

**C) Lagðir fram áritaðir ársreikningar félagsins ásamt fjárhagsáætlun rekstrarársins**

Dýrleif Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri FEB, fór yfir endurskoðaðan ársreikning félagsins og fjárhagsáætlunina en hvorutveggja lá fyrir fundinum.

**D) Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikninga og fjárhagsáætlun**

Jón Magnússon kvaddi sér hljóðs og þakkaði framkvæmdastjóra fyrir góða yfirferð ársreikninga og sagði að greinilegt væri að stjórn og starfsmenn FEB séu að skila góðu búi. Síðan vék hann að skýrslu stjórnar og sagði að sömu sögu væri hins vegar ekki hægt að segja um Leigufélag aldraðra (LA) og óskaði eftir frekari umræðu um málefni þess, en lagði jafnframt til að færa þá umræðu undir önnur mál til að tefja ekki dagskrána. Fundarstjóri samþykkti það.

Athugasemd var gerð að fjárhagsáætlun fylgdi ekki gögnum en fundarstjóri benti á að hún hefði verið framlögð.

Aðrar umræður urðu ekki og bar fundarstjóri upp reikninga félagsins og fjárhagsáætlun til samþykktar. Atkvæði voru greidd með handauppréttingu og voru reikningar og fjárhagsáætlun samþykkt.

**E) Lagabreytingar.**

Félaginu bárust þrjár tillögur að lagabreytingum.

Finnur Birgisson, annar flutningsmaður tillagna eitt og tvö, kynnti þær tvær.

## **1. Um kosningarétt og kjörgengi til stjórnar**

- a) Við gr. 3.2 bætist setningin: **Kjörgengi og kosningaréttur á aðalfundi miðast við þau sem eru á félagaskrá 10. janúar og hafa greitt félagsgjald.**

### **Grein 3.2 eftir breytingu:**

*3.2 Haldin skal skrá yfir fullgilda greiðandi félagsmenn, sem lögð verði til grundvallar félagslegum réttindum í FEB. Kjörgengi og kosningaréttur á aðalfundi miðast við þau sem eru á félagaskrá 10. janúar og hafa greitt félagsgjald.*

- b) Jafnframt verði sú breyting á gr. 6.4 að niður falli setningarlutinn „24 klukkustundum fyrir upphaf aðalfundar“

### **Grein 6.4 eftir breytingu:**

*6.4 Atkvæðisbærir eru allir fullgildir félagsmenn, sbr. grein 3.2. (-) Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi, nema annað sé ákveðið í lögum þessum.*

## **2. Um það hverjir geti krafist stjórnarfundar**

Á gr. 7.6 verði sú breyting, að í stað orðanna „tveimur stjórnarmönnum“ komi orðin „tveimur aðalmönnum í stjórn FEB“

### **Greinin í heild eftir breytingu verður þá:**

*7.6 Stjórnarfundur skal halda eins oft og þörf krefur og að jafnaði mánaðarlega. Skyld er að halda stjórnarfundur komi fram rökstudd ósk frá a.m.k. tveimur aðalmönnum í stjórn FEB eða framkvæmdastjóra félagsins. Stjórnarfundur skal formaður eða framkvæmdastjóri boða tryggilega. Stjórnarfundur er lögmatgur ef meirihluti stjórnar er viðstaddur. Boða skal varamenn, sem hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum en ekki atkvæðisrétt nema þeir taki sæti aðalmanns.*

*Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Falli atkvæði jöfn, telst tillaga fallin.*

### **Flutningsmenn:**

Sigurbjörg Gísladóttir  
Finnur Birgisson

Fundarstjóri las upp hvernig núverandi lagagrein varðandi tillögu eitt hljómar til samanburðar og bauð upp á umræður.

Sigrún E. Unnsteinsdóttir farmbjóðandi til stjórnar, tók til máls. Telur þetta ákvæði bráðnauðsynlegt til að koma í veg fyrir smölun og öllum félagsmönnum til góða.

Ragnar Árnason tók til máls. Ekki á móti en kann ekki við að lagabreytingartillögur séu rökstuddar með nánast sögusögnum, frekar staðreyndum.

Jóhann Páll Sigurðsson. Ósammála Ragnari og finnst tillagan frábær.

Jóhann Ásgrímsson, í framboði. Sammála tillögunni, inntakið er að virkir félagar ákveði forystu félagsins.

Jón Magnússon. Þakkar flutningsmönnum fyrir þessa tillögu. Mikilvægt að ekki sé óreiða á félagsstarfi. Tekur þó undir að gerð sé grein fyrir tillögunni með málefnalegum rökstuðningi en ekki sögusögnum.

Fundarstjóri bar tillögu eitt undir atkvæði. Samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta með handauppréttingu

Seinni tillagan snýr að grein 7.6

Fundarstjóri fer yfir núverandi lagagrein er varðar tillögu tvö, til samanburðar og bauð upp á umræðu.

Jón Magnússon spyr hvort þessi grein hafi ekki verið túlkuð með þessum hætti hingað til og að þetta sé í raun formsatriði. Því var svarað til að þessi hluti greinar 7.6 sem um ræðir, kom ný inn í fyrra og þótti ástæða til að skerpa á orðalaginu til að koma veg fyrir misskilning.

Fundarstjóri bar tillögu tvö undir atkvæði og var hún samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta með handauppréttingu

### **3. Tillaga sem snýr að netkosningum og hljómar svo:**

*Ég geri að tillögu til lagabreytinga, á næsta aðalfundi Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrennis, að framvegis verði kostning til formanns og stjórnar netkostning.  
Kristinn Halldórsson*

Fundarstjóri leggur til að tillögu þrjú að lagabreytingu sé vísað til stjórnar og var það einróma samþykkt.

Í umræðu um tillögu þrjú var vakin athygli á því að ekki séu allir félagsmenn með tölvur.

## **F) Kosningar**

### **1. Kosning til stjórnar FEB**

Fundarstjóri kynnti kosningu til aðal- og varamanna í stjórn FEB.

Það eru 6 í aðalstjórn fyrir utan formann og 3 varamenn. Auk formanns Sigurðar Á. Sigurðssonar, sitja þau Guðrún Ósk Jakobsdóttir og Kristinn Eiríksson áfram í stjórn til ársins 2026. Einn aðalmaður sem sitja átti til ársins 2026 óskaði eftir að hætta á miðju síðasta starfsári og því þarf að kjósa um 3 aðalmenn til tveggja ára, 1 aðalmann til eins árs og 3 varamenn kosnir eru til eins árs. Ástrún Björk Ágústsdóttir núverandi stjórnarmaður í FEB, býður sig fram til endurkjörs.

Farið var eftir tillögu uppstillingarnefndarinnar sem er: að á aðalfundi FEB þann 27. febrúar fari fram kosning til stjórnar um öll sem í framboði eru.

Frambjóðendur eru kynntir í þeirri röð sem fram kemur á kjörseðli. Það eru 15 frambjóðendur til stjórnar. Nöfn frambjóðenda eru í stafrófsröð, fyrsta nafnið var valið með útdrætti skv. grein 11.6 í lögum félagsins. Frambjóðendur voru beðnir að standa upp þegar nöfn þeirra voru lesin upp og með því kynntir.

- Halldór Jakob Árnason
- Haraldur Ásgeir Gíslason
- Jóhann Gunnar Ásgrímsson
- Jórunn Th Sigurðardóttir
- Kristján Guðmundsson
- Markús Þ Þórhallsson
- Pétur Ásbjörnsson
- Sigrún E Unnsteinsdóttir
- Theódór Skúli Halldórsson
- Ari Karlsson
- Ástrún Björk Ágústsdóttir
- Bjarni Bjarnason
- Fanney Sigurbjörg Jóhannsdóttir
- Guðrún Bergmann
- Gunnlaugur Auðunn Júlíusson

Merkja/krossa skal við 7 nöfn á seðlinum, hvorki fleiri né færri – annað veldur ógildingu

Fundarstjóri sagði kosningu byrjaða og kusu fundarmenn úr sætum sínum og var atkvæðum safnað saman í kassa. Að kosningu lokinni hófst talning.

Dagskrá fundar haldið áfram þar sem frá var horfið.

## **2. Kosninga skoðunarmanna**

Fundarstjóri kynnti kosningu á skoðunarmönnum ársreikninga. Tillaga um eftirfarandi skoðunarmenn lá fyrir fundinum:

- Ólafur Gränz
- Guðrún Árnadóttir

Þar sem ekki bárust aðrar tillögur að skoðunarmönnum þá skoðuðust þau sjálfkjörin.

## **G) Afgreiðsla tillagna og erinda sem lögð eru fyrir fundinn.**

Eitt erindi barst FEB fyrir fundinn auk ályktunar stjórnar FEB.

Erindið sem barst var svohljóðandi:

## **Aðalfundur FEB 2025**

### **Tillaga að ályktun um upptöku rafrænna kosninga til stjórnar**

Aðalfundur FEB samþykkir að fela stjórn félagsins að undirbúa að tekin verði upp rafræn kosning til stjórnar félagsins í stað kosningar á aðalfundi eins og nú er viðhöfð skv. gildandi félagslögum. Niðurstöður undirbúningsvinnunnar verði lagðar fyrir næsta aðalfund FEB í formi greinargerðar um m.a. tæknileg atriði og kostnað, ásamt tillögum um breytingar á félagslögum sem gera þyrfti vegna breyttrar aðferðar við kosninguna.

#### **Flutningsmenn:**

Sigurbjörg Gísladóttir

Finnur Birgisson

Erindið var borið undir atkvæði með handauppréttingu og var enginn á móti.

### **Tillaga frá stjórn FEB**

#### **Ályktun aðalafundar FEB 27. febrúar 2025**

Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík leggur áherslu á að ríki og sveitarfélög virði mannréttindi eldri borgara í hvívetna.

- Að persónufrelsi og sjálfsákvörðunarréttur eldri borgara sé virtur.
- Að eldri borgarar njóti virðingar, öryggis og sjálfstæðis.
- Að eldri borgarar hafi valkosti um það hvernig þeir vilja verja ævikvöldinu.
- Að eldri borgarar fái hvatningu til að vera virk í leik og starfi og rækta félagsleg tengsl.
- Að eldri borgarar stundi reglubundna hreyfingu sem hentar hverjum og einum.
- Að eldri borgarar eigi gleðilegar frístundir sem auka hamingju og lífsgleði.
- Að í öllu starfi sem snýr að málefnum eldri borgara sé virðing fyrir einstaklingnum haft í hávegum.

Það skiptir máli að eldri borgarar finni til hamingju og gleði í lífi sínu.

Umræður:

Jón Magnússon veltir fyrir sér hver eigi að fylgja einstökum atriðum eftir.

Spurt var, hvert ályktuninni sé beint. Fundarstjóri útskýrði að ályktunin verður kynnt almennt í kjölfar fundarins.

Páll Elíasson leggur til **orðalagsbreytingu** – að stað eftirfarandi punktar: „Að eldri borgarar stundi reglubundna hreyfingu sem hentar hverjum og einum“ muni standa „**Að eldri borgarar hafi tækifæri til/eigi kost á að stunda reglulega hreyfingu, sem hentar hverjum og einum**“

Ályktunin samþykkt með breytingartillögu Páls, með handauppréttingu.

#### **H) Ákvörðun um árgjald félagsmanna árið 2025.**

Stjórn FEB leggur til að árgjald FEB verði hækkað um kr. 200 og verði því kr. 5.800 fyrir árið 2025.

Samþykkt með handauppréttingu.

#### **I) Önnur mál**

Gunnar M. Gunnarsson óskaði eftir að leggja fyrir fundinn tillögu varðandi úttekt á baráttunni við Covid.

Fundarstjóri benti á að tillögur og ályktanir þurfa að berast stjórn FEB viku fyrir aðalfund skv. lögum félagsins.

Fundarstjóri leggur fyrir fundinn hvort hann veiti samþykki á afbrigði frá þeim lögum. Því hafnaði fundurinn með yfirgnæfandi meirihluta.

Gunnar gerir athugasemd við afgreiðsluna. Segist hafa lagt þetta fram tvisvar áður og muni halda því áfram.

Athugasemd úr sal um að Gunnar komi með ómakleg orð í garð stjórnar, tillagan væri ekki rétt borin fram. Telur þó að rannsaka eigi málið. Hvað segir Landssamband eldri borgara um þetta?

Formaður kemur í pontu til svara. Stjórnin tók fyrir sambærilega tillögu frá Gunnari - frá því á aðalfundi FEB 2024 - á síðasta starfsári og afgreiddi hana til Landlæknisembættisins, ekki er komið svar þaðan.

Jón Magnússon kom í pontu til að halda áfram umræðu sinni frá því fyrr á fundinum um Leigufélag aldraðra (LA) sem hann sagði hafa verið komið í þrot. Rekur það, að málið eigi sér langa sögu. Vill fá rannsókn frá hlutlausum aðilum og betri skýringar á málum. Gerir athugasemd við að ekki hafi verið farið nægilega vel yfir málið í skýrslu formanns. Sorglegt að sjá hvernig þetta fór miðað við góðan málstað. Vill sameiginlega úttekt á hvað fór úrskeiðis. Hvernig kom til að félagið fór að byggja á Akranesi án útboðs?

Jóhann G. Ásgrímsson leggur orð í belg. Segir mistök hafa verið gerð í upphafi, hagsmunaaðilar hafi verið beggja vegna borðsins. Síðan seig stöðugt meira á ógæfuhliðina. Sveitarfélög og HMS sinntu ekki sínum hlutverkum. Finnst vanta upp á að farið hafi verið eftir lögum um þessa starfsemi.

Halldór Frímannsson, fyrrverandi varastjórnarmaður í FEB 2021-2022 og formaður fulltrúaráðs LA um tíma, tekur til máls. Finnst málefni leigufélagsins hafa verið í ólestri þegar hann kom að málum. Gerði ákveðnar breytingar sem dugðu ekki til. Harðorður.

Fundarstjóri hvetur menn til að vera hóflegir í umræðum.

Sigrún E Unnsteinsdóttir fær næst orðið. Hún segir að þurfi að vanda betur til verka og bendir líka á Árskógamálið.

Sigurður stjórnarformaður FEB tekur til máls. Tekur undir orð Jóns varðandi Akranes. Undirstrikar að engar sannanir séu um að neinn hafi brotið af sér og málið sé til meðferðar hjá HMS. Segir ástæðu þess að hann hafi ekki farið ítarlegra yfir málefni LA í skýrslu stjórnar sé sú að HMS hafi nú tekið yfir málefni LA og þar hafi m.a. verið ákveðið að fara í rannsókn á verkefninu og þegar málum sé þannig háttað sé ekki hægt að fara yfir það í smáatriðum. Þetta muni þó vonandi skýrast fyrir næsta aðalfund. Vonandi verði hægt að nota kennitölu LA áfram í frekari útleiguverkefni. FEB hafi aðeins verið stofnaðili að leigufélaginu og hafi enga fjárhagslega ábyrgð á LA enda um sjálfseignarstofnun að ræða og því engar forsendur fyrir því að FEB ætti að hafa lagt út í milljóna kostnað við rannsókn. Ekki megi blanda FEB of mikið við málið. Hvetur hann fundarmenn til stillingar.

Fundarstjóri lokar mælendaskrá og gefur hverjum og einum 2 mínútur og biður fólk um að vera stuttort.

Ingibjörg H. Sverrisdóttir steig í pontu. Var formaður FEB árin 2020-2024. Fékk mál LA í fangið og hafði lítið heyrt af því áður. Var sagt að FEB væri bara stofnaðili, annars væri sér stjórn yfir leigufélaginu. Sá fljótlega að FEB hafði meira hlutverk og þá helst að skipa fulltrúaráð LA og beitti hún sér fyrir því. Beitti sér m.a. fyrir að vel yrði staðið að úthlutunum leiguíbúðanna.

Fundarstjóri lokar mælendaskrá formlega.

Jóhann G. Ásgrímsson tekur aftur til máls. Telur að Halldór hafi farið með rangt mál og borið sig þungum og röngum sökum. Segir málið mun stærra en að hægt sé að ræða í svo stuttu máli. Segist vera í góðu sambandi við HMS. Margt gott hefur þó komið fram í þessum umræðum.

Bessí Jóhannsdóttir tekur til máls. Getur ekki orða bundist. Segir málið af slíkri stærðargráðu að félagsmenn hljóti að eiga að vera betur upplýstir. Stórar ásakanir fallið. Vill ekki þeir sem komið hafa að þessu máli komi að frekari byggingarverkefnum eða sitji í stjórn FEB.

Þorbjörn Guðmundsson, formaður fulltrúaráðs LA tekur til máls. Segir ýmislegt hafa mátt vera ósagt í þessum umræðum. Margar hliðar séu á öllum málum. Gagnrýnir Halldór. Tekur síðan fram þeir sem eru að deila um þetta málefni hér á þessum fundi viti það manna best að á síðasta ársfundi LA (í maí 2024) hafi verið samþykkt að gera greinagerð um starfsemi LA af óháðum aðilum. Nú sé HMS tekið við málinu og muni láta fara fram rannsókn á málefnum LA og muni velta við öllum steinum. Það sé ekki rétt að það hafi ekki verið vilji til að skoða málið frekar fram að því að HMS tók við LA, heldur var ekki ljóst hver hefði getu og ætti að fjármagna rannsóknina. Segir fyrst og fremst að Vildarhús hafi brugðist félaginu. Vekur athygli á að sjálfseignarstofnunin (LA) beri sjálf ábyrgð á sínum rekstri, ekki FEB sem stofnaðili. Kjarni málsins sé, að á sínum tíma hafi

verið samið við aðila í stjórn um að sjá um framkvæmdir og hann stóð sig ekki. Spyrjum þó að leikslökum að rannsókn HMS lokinni.

Halldór Frímannsson tekur aftur til máls. Segir ósannindi hafa fallið í sinn garð. Tekur undir orð Bessíar að hljóti fyrrverandi stjórnarmenn FEB og LA sem komu að þessu máli, kosningu til stjórnar FEB nú á aðalfundinum, þá segi þeir af sér hér á þessum fundi. Kemur með frekari ásakanir á hendur Jóhanni.

Jón Magnússon tekur aftur til máls. Margt borið hér á góma og gagnlegar umræður. Margt þarfnist þó enn frekari skýringa. Átti að vanda málið betur í ljósi Árskógamálsins. Segir skort á fjármögnun rannsóknar ekki afsökun. Málið orðið sorgarsaga, nauðsynlegt að byggja ódýrar leiguíbúðir fyrir fátæka eldri borgara. Hver samþykkti byggingarnar á Akranesi? Allir sem að þessu komu bera ábyrgð, þar á meðal hann sjálfur.

Fundastjóri lokaði umræðu um LA og bauð Óskar Magnússon, formanna kjörnefndar að kynna niðurstöðu kosningar til stjórnar FEB.

#### **Niðurstöður kosninga til stjórnar FEB 2025 voru eftirfarandi:**

Kosin í 2 ár í aðalstjórn voru:

- Ástrún Björk Ágústsdóttir
- Guðrún Bergmann
- Gunnlaugur Auðunn Júlíusson

Kosinn í 1 ár í aðalstjórn var:

- Kristján Guðmundsson

Kosin í 1 ár sem varamenn voru:


- Sigrún E Unnsteinsdóttir
- Bjarni Bjarnason
- Fanney Sigurbjörg Jóhannsdóttir

Framkvæmdastjóri tekur til máls og afhendir fráfarandi stjórnarmönnum sem enn sátu fundinn, blómvönd og þakkar þeim fyrir vel unnin störf.

Fundarstjóri lýkur störfum. Skiptir miklu máli í félagsstarfi að hafa von og fer með ljóð. Afhendir formanni fundinn.

Formaður slítur fundi kl. 16:30.

  
Sigurður Á. Sigurðsson, form. stjórnar FEB

  
Vilhjálmur Halldórsson, fundarritari